

# Fræðslunefnd

## FUNDUR – 18. febrúar 2010

Fundur haldinn í Fræðslunefnd Blönduósbæjar vegna grunnskóla, fimmtudaginn 18. febrúar 2010 kl. 17:15 að Hnjúkabyggð 33, dómsal. Mæting samkvæmt undirskriftum. Auðunn Steinn Sigurðsson formaður stjórnáði fundinum.

### Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2010
2. Ytra – og innra mat
3. Önnur mál.

### Afgreiðslur:

1. Formaður setti fundinn og gaf Þórhöllu orðið. Þórhalla fór yfir fjárhagsáætlun 2010. M.a. kom fram að aukafjárveiting fékkst fyrir ráðningu stuðningsfulltrúa í tímabundið starf og verður hann ráðinn á allra næstu dögum. Árið 2009 var um nokkurn niðurskurð að ræða til skólastarfsins en ekki árið 2010.
2. Í haust var gerð úttekt á sjálfsmatsaðferðum í Grunnskólanum á Blönduósi og var sú úttekt í höndum Skólaþróunarviðs Háskólans á Akureyri fyrir hönd Mennta- og menningarmálaráðuneytisins en eins úttekt varð gerð á 29 skólum í landinu. Heildarniðurstaða úr úttekinni er eftirfarandi: Samkvæmt viðmiðum ráðuneytisins teljast sjálfsmatsaðferðir skólans vera ófullnægjandi. Þórhalla fór yfir niðurstöðu úttektarinnar og að áætlun væri í gangi við gerð sjálfsmatsáætlunar. Sjálfsmatsáætlun er hluti af innra mati skólans. Sveitarfélagið, þarf samkvæmt lögum, að sinna mati og eftirliti með gæðum skólans og fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.

Fræðslunefnd leggur eftirfarandi til:

*Fræðslunefnd leggur til að skólanefnd og skólastjórnendur fái fræðslustjóra í lið með sér til að gera áætlun um úrbætur í þessum málum þ.e. heilstæða áætlun sem inniheldur og tengir saman ytra- og innra mat og mótun skólastefnu.*

3. Önnur mál:
  - a) Öskudagurinn. Nokkrar umræður urðu um fyrirkomulag hans bæði innan og utan skólans, grímuballið og fleira. Þórhalla vildi lýsa ánægju sinni með þátttöku foreldra á grímuballi skólans og hvað þetta væri frábær fjölskylduskemmtun.
  - b) Íþróttamiðstöðin. Þórhalla greindi frá gangi mála og hvað væri á dagskrá næst.
  - c) Nafn á skólann. Skólastjórnendur leggja til að nafni skólans verði breytt í Blönduskóla.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:50.

*Auðunn Steinn Sigurðsson  
Heiðrún Bjarkardóttir  
Árný Þóra Árnadóttir*

*Þórhalla Guðbjartsdóttir, skólastjóri  
Lilja Jóhanna Árnadóttir, fulltrúi starfsmanna grunnskólans  
Oddný María Gunnarsdóttir, fulltrúi foreldra grunnskólans*